



Einn liður í útikennslu Uglukletts er Skátahúsið en það er hús staðsett við Skallagrímsgarð og er það í eigu Svannasveitarinnar.

Skipulag í kringum skátahúsið fer þannig fram að tveimur elstu árgöngum leikskólans er skipt í þrjá hópa og er hver hópur viku í senn, því fer hvert barn þriðju hverju viku þangað, (er þó breytilegt eftir stærð árnganga).

Foreldrarnir mæta með börnin á morgnana í skátahúsið og taka starfsmenn leikskólans á móti þeim þar. Börnin eiga bækistöð í skátahúsinu en nýta umhverfið til útikennslu og fara í ýmiskonar vettvangsferðir. Skátahúsið er staðsett í nágrenni við Grunnskólann í Borgarnesi og nýtist nálægðin til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla með því að kynna börnunum vel umhverfi grunnskólans, en það ýtir undir öryggi í þeim aðstæðum.

Börnin borða morgun- og hádegismat í skátahúsinu og taka þau virkan þátt í undirbúningi máltíða og frágangi, en það er liður í lífsleikni. Örn og starfsfólk fara upp í Ugluklett með skólabíl úr grunnskólanum, en börnin öðlast þar reynslu í notkun skólabílsins.